



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 35/2016

## **Erindi neytanda vegna rafrænna skilríkja Auðkennis ehf.**

### **I.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Mál þetta hófst með erindi Friðjóns Guðjohnsen, dags. 15. september 2014, þar sem fjallað var um meinta öryggisgalla í rafrænum skilríkjalausnum Auðkennis ehf. Í framhaldi af erindinu og með hliðsjón af eftirlitshlutverki Neytendastofu á grundvelli laga nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir, óskaði Neytendastofa umsagnar Auðkennis um erindið, með bréfi stofnunarinnar, dags. 15. september 2014. Svar barst með bréfi Auðkennis, dags. 24. september 2014. Málsmeðferð málsins lauk með bréfi, dags. 30. október 2014 til Friðjóns Guðjohnsen og Auðkennis þar sem Friðjóni var tilkynnt að ekki væri tilefni til frekari aðgerða Neytendastofu vegna erindisins. Kom þar meðal annars fram að sú áhætta varðandi öryggi sem bent hafi verið á tengdist að öllu leyti áhættuþáttum sem alfarið séu á ábyrgð einstaklinga og liggi utan við þá kerfisáhættu sem lög nr. 28/2001, reglugerð nr. 780/2011, sem og stöðlum og öðrum kröfuskjölum sé ætlað að vernda og falli undir opinbert eftirlit stofnunarinnar. Með hliðsjón af því og þeim upplýsingum sem lögju fyrir varðandi öryggi fullgildra rafrænna skilríkja og notkun þeirra í farsímum, taldi Neytendastofa því ekki ástæðu til að fara fram á endurskoðun á kerfi eða búnaði Auðkennis enda ekkert sem benti til þess að áhættuþættir sem bent var á í erindinu væru fyrir hendi eða gætu tengst starfsemi þeirra, kerfi eða búnaði, sem uppfyllti skilyrði laga, reglugerða, staðla og staðlaígilda um starfsemina.

Friðjón Guðjohnsen kærði ákvörðun Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála með bréfi, dags. 2. mars 2015. Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála, þann 11. júní 2015, var meðal annars komist að því að kærandi hefði kærheimild vegna ákvörðunar Neytendastofu 30. október 2014. Áfrýjunarnefnd neytendamála komst að því að Neytendastofu hefði borið að líta á kæranda sem aðila þess stjórnsýslumáls sem stofnunin hóf gagnvart Auðkenni í framhaldi af ábendingu



Friðjóns. Áfrýjunarnefnd neytendamála taldi enn fremur að erindi kæranda varði sýnilega hvort sá undirskriftarbúnaður sem Auðkenni bjóði upp á fullnægi kröfum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 28/2001. Kærandi hafi ekki getað gætt hagsmuna sinna í málinu og því væri ekki útilokað að lögmæt meðferð þess hefði leitt til annarrar niðurstöðu og breytt aðstöðu kæranda til að láta reyna á afstöðu Neytendastofu fyrir áfrýjunarnefndinni. Með úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála var ákvörðun Neytendastofu felld úr gildi og lagt fyrir stofnunina að taka erindi kæranda til nýrrar meðferðar.

## 2.

Með bréfi Friðjóns, dags. 14. júlí 2015 til Neytendastofu, var bréfi Auðkennis í málinu, dags. 24. september 2015 svarað og jafnframt óskað eftir að upphaflegt erindi Friðjóns yrði tekið til nýrrar meðferðar. Með bréfi Neytendastofu til Auðkennis, dags. 21. júlí 2015 var bréf Friðjóns, dags. 14. júlí 2015, sent til umsagnar Auðkennis. Bent var á að í erindi Friðjóns væri vísað til þess að undirskriftarbúnaður Auðkennis fullnægi ekki kröfum um öryggi skv. 8. og 9. gr. laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001 og af því tilefni væri óskað eftir skýringum eða athugasemdum Auðkennis við erindi hans.

## 3.

Frá tímabilinu 21. júlí 2015 til 18. desember 2015 átti Neytendastofa í eftirfarandi samskiptum við aðila máls:

- 17. ágúst 2015. Tölvubréf Neytendastofu til Auðkenni. Aukinn frestur til 8. september 2015.
- 31. ágúst 2015. Tölvubréf Neytendastofu til Auðkenni. Svar við ósk Auðkennis um fund vegna málsmeðferðar.
- 1. september 2015. Fundur fulltrúa Neytendastofu og Auðkennis hjá Neytendastofu, Borgartúni 21. Fundað um málsmeðferð málsins.
- 2. september 2015. Tölvubréf Auðkennis til Neytendastofu. Óskað eftir gögnum varðandi samskipti Neytendastofu og annarra aðila vegna málsins, allt frá því fyrsta bréfið barst Neytendastofu. Óskað eftir afritum af samskiptum Neytendastofu við umboðsmann Alþingis og áfrýjunarnefnd neytendamála. Jafnframt óskað eftir liðsinni Neytendastofu við að fá afhent málgögnin í máli Friðjóns hjá áfrýjunarnefnd neytendamála geti Neytendastofa komið því við. Ef ekki óski Auðkenni eftir leiðbeiningum um hvernig slíkri beiðni skuli háttað og hvert skuli beina henni.
- 16. september 2015. Bréf Neytendastofu til Auðkennis, dags. 16. september 2015 vegna gagnabeiðni Auðkennis.



- 22. september 2015. Tölvubréf Neytendastofu til Auðkennis. Aukinn frestur til 16. október 2015.
- 13. október 2013. Tölvubréf Friðjóns Guðjohnsen vegna fyrirspurnar í tölvubréfi, dags. 11. október 2015. Greint frá því að upphaflegur frestur hafi verið framlengdur í tvígang vegna sumarleyfa, gagnabeiðni Auðkennis og gagnaöflunar Auðkennis. Samkvæmt verklagi Neytendastofu sé gagnaðila ekki send sérstök tilkynning um framlengingu fresta. Aftur á móti fái aðili máls alltaf tilkynningu um að leitað sé umsagnar gagnaðila og afrit af svarbréfum. Svar Auðkennis hafi ekki borist en veittur hafi verið frestur til 16. október 2015. Svar Auðkennis verði sent til upplýsingar og/eða umsagnar.
- 21. október 2015. Tölvubréf Neytendastofu til Auðkennis með gögnum vegna fyrirspurnar með tölvubréfi, dags. 16. október 2015. Beðið var um afrit af öllum samskiptum Neytendastofu og úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem stafa frá bréfi úrskurðarnefndarinnar til Neytendastofu dags. 6. janúar 2015 vegna kæru Friðjóns Guðjohnsen til úrskurðarnefndarinnar, þar með talið en ekki einskorðað við svar Neytendastofu við þessu bréfi úrskurðarnefndarinnar og upplýsingar um þau trúnaðargögn sem tengjast Auðkenni sem afhent voru úrskurðarnefndinni á grundvelli þessa bréfs frá nefndinni. Afrit af öllum samskiptum Neytendastofu og umboðsmanns Alþingis sem stafa frá bréfi umboðsmanns til Neytendastofu dags. 30. desember 2014 vegna kvörtunar Friðjóns til umboðsmanns, þar með talið en ekki einskorðað við svar Neytendastofu við þessu bréfi umboðsmanns og upplýsingar um þau gögn sem tengjast Auðkenni sem afhent voru umboðsmanni á grundvelli bréfsins. Staðfestingu á að engin frekari samskipti hafi verið á milli Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála en þau sem Auðkenni hafa þegar borist: Bréf frá áfrýjunarnefndinni dags. 10. mars 2015 til Neytendastofu þar sem kæra Friðjóns er kynnt til sögunnar. Greinargerð Neytendastofu í máli áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2015, Friðjón Guðjohnsen gegn Neytendastofu, dags. 27. mars 2015. Úrskurður áfrýjunarnefndar dags. 11. júní 2015. Jafnframt óskað eftir fresti þar til Auðkenni hefði borist umrædd gögn.
- 25. nóvember 2015. Tölvupóstsamskipti við Auðkenni um hvenær svars væri að vænta auk tölvupóstsamskipta við Friðjón Guðjohnsen um stöðu málsmeðferðar og tafir.
- 18. desember 2015. Svar við fyrirspurn Friðjóns Guðjohnsen, dags. 25. nóvember 2015. Málið hefði ekki tekið breytingum þrátt fyrir afgreiðsla hefði vissulega tafist. Bent á að samkvæmt 5. mgr. 18. gr. laga um rafrænar undirskriftir nr. 28/2001 gilda ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 um úrræði Neytendastofu og málsmeðferð. Neytendastofa hafi samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 heimild til þess að raða málum í forgangs röð. Neytendastofa hafi fundað tvisvar með Auðkenni til



Þess að fullnægja leiðbeiningarskyldu samkvæmt stjórnarsýslulögum. Þann 1. september 2015 og þann 1. desember 2015. Fundirnir hafi verið með áþekkingu hætti og þegar stofnunin fundaði með Friðjóni Guðjohnsen þann 15. júní 2015. Á báðum fundum hafi stjórnarsýsluleg forsaga og staða málsins verið rædd og Auðkenni leiðbeint um hvaða skyldur og réttindi félagið hefði sem aðili málsins, hvaða skyldur og réttindi Friðjón Guðjohnsen hefði sem aðili máls og til hvers væri ætlast af félaginu vegna umsagnarbeiðni Neytendastofu, meðal annars varðandi það hversu ítarleg gagnaframlagning af hálfu félagsins þyrfti að vera svo hægt væri að taka málið til efnismeðferðar, sbr. rannsóknarskyldu Neytendastofu. Eftir fyrri fundinn hafi Auðkenni óskað eftir að fá afhent gögn í málinu sem og í málunum hjá umboðsmanni Alþingis og hjá áfrýjunarnefnd neytendamála. Þau gögn hafi verið afhent í samræmi við ákvæði stjórnarsýslulaga, þann 21. október 2015. Nauðsynlegt hafi reynst að framlengja fresti vegna veikinda og mannabreytinga hjá Auðkenni. Að beiðni Auðkennis hafi því verið fundað aftur um málsmeðferðina og sömu atriði rædd með nýjum starfsmanni félagsins.

#### 4.

Svar Auðkennis barst með bréfi, dags. 14. desember 2015. Bréfið var sent til umsagnar Friðjóns með bréfi Neytendastofu, 18. desember 2015. Svar Friðjóns Guðjohnsen barst með bréfi, dags. 25. janúar 2016. Með bréfi Neytendastofu til aðila máls, dags. 8. mars 2016 var bréf Friðjóns sent Auðkenni til upplýsingar og tilkynnt um að gagnaöflun væri lokið og að málið yrði tekið til meðferðar hjá stofnuninni. Með tölvubrési Neytendastofu, dags. 10. mars 2016, til Friðjóns var honum samkvæmt beiðni veitt yfirlit yfir tölvupóstsamskipti Neytendastofu við aðila máls frá 21. júlí 2015 til 18. desember 2015 auk þess sem hjálögð voru afrit af fundargerðum funda Neytendastofu með Auðkenni.

Með bréfi Neytendastofu til aðila máls, dags. 20. júní 2016, var aðilum máls tilkynnt um hver væru endanleg gögn málsins. Bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins auk þess sem óskað var eftir frekari athugasemdum, ef aðilar máls teldu ástæðu til þess að koma þeim að. Að þeim tíma liðnum yrði málið tekið til ákvörðunar og að stefnt væri að því að ljúka málsmeðferð í júlímánuði 2016.

Svar barst með bréfi Friðjóns Guðjohnsen, dags. 29. júní 2016, þar sem gerðar voru frekari athugasemdir um að á listann yfir gögn máls vantaði notendaskilmála Auðkennis. Í bréfinu kom Friðjón á framfæri efnislegum athugasemdum að því er varðar tvær skýrslur Admon Ráðgjafar ehf. um öryggi skilríkjalausna Auðkennis ehf. Í bréfinu var jafnframt vísað til þess að í bréfi Neytendastofu, dags. 20. júní 2016 komi ekki fram nein gögn sem beri það með sér hvort þar til bær aðili hafi vottað farsímalausn Auðkennis, sbr. skilyrði 8. og 9. gr. laga nr. 28/2001. Því sé mótmælt að tekin verði ákvörðun í málinu án þess að leggja til grundvallar gögn sem Auðkenni láti stofnuninni í té um vottun skilríkjalausnar félagsins. Vísað sé til bréfs Friðjóns, dags. 25. janúar 2016 þar sem Friðjón lýsi verulegum efasemdum um að sá aðili sem hafi vottað lausnina



uppfylli skilyrði laganna. Að taka ekki tillit til slíkra gagna sé ósanngjarnt og brot á rannsóknarreglu samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

## 5.

Auk framangreindrar málsmeðferðar hafnaði Neytendastofa með bréfum stofnunarinnar, dags. 31. maí 2016 og 8. júní 2016, gagnabeidnum Friðjóns Guðjohnsen á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012. Var gagnabeidnum Friðjóns Guðjohnsen hafnað með vísan til mikilvægra almannahagsmuna og einkahagsmuna, sbr. 9. og 10. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, að því er laut að gögnum sem innihaldi atvinnuleyndarmál og sem varði öryggi og uppfærslur undirskriftarbúnaðar Auðkennis. Þau gögn sem Friðjón Guðjohnsen bað um í upplýsingabeidnum væru ekki hluti af gögnum málsins.

Friðjón Guðjohnsen kærði ákvarðanir Neytendastofu um að takmarka aðgang hans að gögnum til áfrýjunarnefndar neytendamála með bréfi, dags. 14. júní 2016. Í greinargerð Neytendastofu til áfrýjunarnefndar neytendamála vegna málsins, dags. 1. júlí 2016 kom fram að stofnunin teldi að ágreiningurinn heyrði ekki undir áfrýjunarnefnd neytendamála heldur úrskurðarnefnd um upplýsingamál og að rétt væri að erindinu yrði vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.

Neytendastofa benti jafnframt á að jafnvel þótt litið yrði svo á að ákvarðanir Neytendastofu, dags. 31. maí 2016 og 8. júní 2016 teldust ákvarðanir í málinu þá væru slíkar ákvarðanir ekki ákvarðanir sem binda enda á mál, sbr. 2. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga og því ekki kærانlegar fyrr en að lokinni endanlegri ákvörðun Neytendastofu. Þá hafnaði Neytendastofa því að áfrýjunarnefnd neytendamála tæki gögn til sjálfstæðrar skoðunar þar sem ekki væri til staðar tiltekinn réttarágreiningur eða ákvörðun Neytendastofu sem unnt er að leggja fyrir nefndina og yrði því um lögspurningu að ræða. Af þeirri ástæðu taldi Neytendastofa einnig rétt að vísa þeirri kröfu kæranda frá úrskurðarnefndinni. Neytendastofa benti jafnframt á að málaflokkurinn sé viðkvæmur og að nauðsynlegt sé að aðgangur almennings sé takmarkaður að upplýsingum sem eru eðli málsins samkvæmt atvinnuleyndarmál eða varði öryggi þeirra skilríkjalausna sem almenningur notar hér á landi.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kemur til álita kvörtun Friðjóns Guðjohnsen vegna öryggis rafræns undirskriftarbúnaðar Auðkennis ehf. Friðjóni Guðjohnsen hefur verið veittur aðgangur að gögnum málsins og hefur Neytendastofa aflað afstöðu hans við umsagnir Auðkennis ehf. í málinu.



Að því er varðar athugasemdir í bréfi Friðjóns Guðjohnsen í bréfi, dags. 29. júní 2016 telur Neytendastofa rétt að leggja notendaskilmála Auðkennis til grundvallar í málinu líkt og Friðjón bendir á. Að því er varðar tilvísun Friðjóns til annarra gagna sem ekki séu hluti af gögnum málsins þá vísar Neytendastofa til ákvarðana stofnunarinnar 31. maí 2016 og 8. júní 2016 og málsmeðferðar fyrir áfrýjunarnefnd neytendamála í máli nr. 2/2016.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2015 kemur fram að áfrýjunarnefndin telji að upphaflegt erindi Friðjóns Guðjohnsen varði sýnilega hvort sá undirskriftarbúnaður sem Auðkenni ehf. bjóði upp á fullnægi kröfum 1. mgr. 8. gr. laga nr. 28/2001 og að Neytendastofu sé falið að hafa eftirlit með starfsemi fyrirtækisins þar að lútandi.

Í erindum sínum hefur Friðjón Guðjohnsen í meginatriðum bent á hættu sem hann telur geta fylgt því að þriðji aðili komist yfir PIN númer í símtæki neytenda þegar undirskriftarbúnaður Auðkennis ehf. er notaður. Þá hefur Friðjón bent á að skilgreining hugtaksins öruggur undirskriftarbúnaður sé ekki sú sama og Auðkenni ehf. leggi til grundvallar. Telur Friðjón að undirskriftarbúnaður Auðkennis uppfylli ekki kröfur sem gerðar eru til öruggs undirskriftabúnaðar í lögum nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir.

## 2.

Um fullgild rafræn skilríki, útgáfu þeirra og eftirlit gilda ákvæði laga nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir, sbr. og reglugerð nr. 780/2011. Framangreind lög og reglur eru innleiðing á tilskipun Evrópusambandsins nr. 93/1999 um rafrænar undirskriftir. Í reglunum er að finna ítarleg ákvæði um vernd og öryggiskröfur sem gerðar eru til fullgildra rafrænna undirskrifta sem ætíð skulu teljast fullnægjandi ef í lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum eru gerð skilyrði um undirskrift af hálfu einstaklinga.

Samkvæmt 6. tölul. 3. gr. laga nr. 28/2001 er „undirskriftarbúnaður“ hugbúnaður eða vélbúnaður sem notaður er til að mynda rafræna undirskrift með hjálp undirskriftargagna.

Samkvæmt 5. tölul. 3. gr. laganna eru „undirskriftargögn“ einstök gögn, svo sem kótar eða einkalykill dulritunar, sem undirritandi notar til að mynda rafræna undirskrift.

Samkvæmt 7. tölul. 3. gr. laganna er sá undirskriftarbúnaður öruggur sem fullnægir skilyrðum sem kveðið er á um í 8. og 9. gr. laganna.

Samkvæmt ummælum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 28/2001 telst undirskriftarbúnaður búnaður sem er notaður við gerð rafrænu undirskriftarinnar. Búnaðurinn notar undirskriftargögnin til að búa til undirskriftina. Búnaðurinn getur bæði verið vélbúnaður og hugbúnaður. Sem dæmi um vélbúnað má t.d. nefna snjallkort og sem dæmi um hugbúnað má nefna hluta tölvupóstforrits.

Samkvæmt 8. gr. laganna skal öruggur undirskriftarbúnaður tryggja að undirskriftargögnin:



*„ a. geti eingöngu komið einu sinni fram,*

*b. verði með hliðsjón af eðlilegum öryggiskröfum ekki brotin upp og*

*c. séu varin með fullnægjandi hætti gegn notkun annarra en undirritanda.*

*Öruggur undirskriftarbúnaður skal einnig tryggja leynd undirskriftargagnanna með fullnægjandi hætti og að rafræn undirskrift sé varin gegn fölsun.*

*Ekki skal vera unnt að nota öruggan undirskriftarbúnað til að breyta þeim gögnum sem undirrita á eða hindra að undirritandi geti séð gögnin fyrir undirritun.“*

Samkvæmt ummælum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 28/2001 byggir ákvæðið á III. viðauka tilskipunarinnar sem gerir tiltekna kröfur til undirskriftarbúnaðar til að tryggja ákveðið öryggisstig. Búnaður sem uppfyllir þessar kröfur getur verið notaður til að mynda fullgildar rafrænar undirskriftir.

Samkvæmt 9. gr. laganna skal kröfum til undirskriftarbúnaðar samkvæmt 8. gr. laganna talist fullnægt þegar:

*„a. þar til bær aðili hefur staðfest að hann uppfylli kröfur 8. gr.; [ráðherra]1) getur í reglugerð2) kveðið á um þá aðila sem veitt geta slíka staðfestingu, eða*

*b. þar til bær aðili á Evrópska efnahagssvæðinu [eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu]3) hefur viðurkennt hann.*

*Líta skal svo á að undirskriftarbúnaður teljist öruggur skv. 8. gr. ef hann er í samræmi við staðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett um slíkan búnað og birtir hafa verið í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.“*

Í ummælum í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 28/2001 segir að í greininni sé gerð grein fyrir því hvernig undirskriftarbúnaður fær viðurkenningu sem öruggur, þ.e. að hann uppfylli ákvæði 8. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggist á 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 1999/93/EB.

Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir jafnframt að líta skuli svo á að undirskriftarbúnaður sé öruggur ef hann er í samræmi við staðla sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett og birtir hafa verið í stjórnartíðindum ESB.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 780/2011 um rafrænar undirskriftir telst undirskriftarbúnaður fyrirfram ávallt öruggur samkvæmt ákvæðum greinarinnar ef hann er í samræmi við staðla og önnur kröfuskjöl sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ályktað um og gefið út tilvísanir til og birtar eru í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar telst kröfum til undirskriftarbúnaðar samkvæmt 19. og 20. gr. reglugerðarinnar fullnægt þegar hann hefur fengið staðfestingu frá þar til bærum aðila um að hann uppfylli kröfur 8. gr. laga nr. 28/2001, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 9. gr. sömu laga.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar kannar Neytendastofa upplýsingar um og staðfestingar á að úttekt og vottun undirskriftarbúnaðar uppfylli grunnkröfur, staðla og önnur



samþykkt kröfuskjöl í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og hafi verið gerð af þar til bærum aðila sem uppfyllir skilyrði þessarar greinar. Neytendastofa getur óskað eftir gögnum og upplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til þess að leggja mat á hæfni, hæfi og sjálfstæði aðila sem annast frumúttektir og reglulegar úttektir samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.

### 3.

Auðkenni er eini aðilinn hér á landi sem tilkynnt hefur um starfsemi sína og gefur út fullgild rafræn skilríki í skilningi laga nr. 28/2001. Í samræmi við ákvæði laganna hefur Neytendastofa yfirfarið öll gögn sem að Auðkenni sem eftirlitsskyldum aðila er skylt að leggja fram, sbr. 22. gr. reglugerðar nr. 780/2011. Jafnframt fær Neytendastofa reglulega upplýsingar frá hinum eftirlitsskylda aðila þegar og ef breytingar verða á atriðum sem skylt er að upplýsa stofnunina um vegna eftirlits hennar. Neytendastofu er jafnframt heimilt að krefjast þess að endurskoðun fari fram á kerfi, búnaði og starfsskipulagi vottunaraðila sem gefa út fullgild vottorð telji hún að rökstuddur grunur sé fyrir hendi að framangreind atriði fullnægi ekki kröfum laga, reglugerða, tilvísana til staðla og annarra samþykktara kröfuskjala um innihald fullgildra vottorða og öruggan undirskriftarbúnað.

Neytendastofa telur að við nánari skoðun beri gögn gögn málsins með sér að Friðjón sé ekki handhafi rafrænna skilríkja sem útgefin eru af Auðkenni ehf. Í bréfi Friðjóns, dags. 25. janúar 2016 kemur fram að Friðjón hafi afturkallað rafræn skilríki sín hjá Auðkenni ehf. rúmum hálf tíma eftir að hafa komið upphaflegu erindi sínu á framfæri við Neytendastofu. Þetta er jafnframt staðfest í bréfi Auðkennis ehf., dags. 14. desember 2015. Að þessu virtu er að mati Neytendastofu vandséð hvernig Friðjón hefur beina, verulega, sérstaka eða lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, sjá sbr. m.a. úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála, 6. september 2007 (6/2007). Neytendastofa bendir á að eftirlit Neytendastofu með lögum nr. 28/2001 tæknilega flókið og afar sérhæft allsherjarréttarlegt eftirlit. Ekki verður séð að Friðjón njóti sérstakari eða beinni hagsmuna en aðrir viðskiptavinir Auðkennis eða aðrir notendur rafrænna skilríkja almennt. Með vísan til ofangreinds telur Neytendastofa að Friðjón hafi ekki nægilegra hagsmuna að gæta af úrlausn málsins. Þegar af þeirri ástæðu telur Neytendastofa ekki ástæðu til aðgerða af hálfu stofnunarinnar.

Auk ofangreinds bendir Neytendastofa á að stofnunin hefur virkt eftirlit með Auðkenni ehf. og hefur í samræmi við 3. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 780/2011 yfirfarið og kannað vottorð frá aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu sem uppfylla skilyrði b. liðar 9. gr. laga nr. 28/2001 um að undirskriftarbúnaður Auðkennis ehf. og burðarlag fyrir farsíma uppfylli sannanlega öryggiskröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 1999/93/EB, sbr. lög nr. 28/2001 og reglugerð nr. 780/2011. Undirskriftarbúnaðurinn hefur staðist kröfur gagnvart hæsta öryggisstigi, þ.e. öryggisstigi EAL 5+.

Í matsskýrslu Admon ráðgjafar um mat á fullvissustigi auðkenna 2.0., dags. 27. júní 2013 kemur jafnframt fram að undirskriftarbúnaður Auðkennis ehf. nær fullvissustigi QAA 4. Í matsskýrslu Admon ráðgjafar fyrir rafræn skilríki undir Íslandsrót á farsímum útgáfu 1.0, dags. 18. júní 2015





kemur einnig fram að búnaðurinn fyrir rafræn skilríki í farsíma uppfylli kröfur fyrir matsþrep EAL 4+ í svonefndri Common Criteria, sem samþykkt er af Evrópuþinginu sem fullnægjandi fyrir öruggan undirskriftarbúnað fyrir fullgildar undirskriftir samkvæmt lögum nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir, sbr. ákvæði tilskipunar 1999/93/EB. Að mati Neytendastofu er því ljóst skilyrði laga nr. 28/2001 og reglugerðar 780/2011 teljast uppfyllt og undirskriftarbúnaður Auðkennis ehf. telst öruggur undirskriftarbúnaður.

Að því er varðar ábendingar Friðjóns um skilgreiningu hugtaksins öruggur undirskriftarbúnaður og undirskriftargögn þá skal bent á að Auðkenni notast við svonefnt dreifilyklaskipulag eða PKI kerfi til dulritunar (e. public key infrastructure). Í slíku kerfi er það einungis einkalykill í kerfinu sjálfu sem telst undirritunargagns í skilningi laganna. PIN númer telst ekki hluti undirskriftarbúnaðar þar sem hann er ekki forsenda rafrænnar undirskriftar innan dreifilyklakerfis. Í matsskýrslu Admon ráðgjafar 1.0, dags. 18. júní 2015 kemur einnig fram að PIN númer til auðkenningar sem krefjandi notar til að beita einkalykli sínum fer ekki yfir samskiptatengingar við þjónustuveitu heldur einungis frá lyklaborði farsíma til örgjörva. Auk þess séu öll samskipti yfir internetið við sannvottun á rafrænum skilríkjum dulrituð. Bent er á að það sé fræðilega mögulegt að illvilja aðili geti komist á milli lyklaborðs farsíma og örgjörva en slík áhætta sé þekkt og nái í hverju tilviki aðeins til eins farsíma. Skaðinn sem er fræðilega mögulegur nær því ekki til örugga undirskriftarbúnaðarins sjálfs.

Undir öllum kringumstæðum verða einstaklingar að vernda þau einstaklingsbundnu gögn og tæki sem að þeir eiga og nota við framkvæmd undirritunar og sýna eðlilega aðgæslu við meðferð og notkun slíkra þátta. Í erindi Friðjóns er bent á þann möguleika að með aðgæsluleysi og einbeittum brotavilja sé fræðilega unnt að við ákveðnar og sérhæfðar kringumstæður að misnota fullgild rafræn skilríki. Ábendingar Friðjóns lúta að öryggisatriðum sem verða notkun neytandans sjálfs á þeim tækjum þar sem rafræn skilríki eru varðveitt. Neytendastofa telur ljóst að slíkir möguleikar séu hverfandi miðað við fjölda útgefinna skilríkja og engin slík tilvik þekkt, hvorki hér á landi né annars staðar á EES svæðinu þar sem sambærilegar reglur gilda um fullgildar rafrænar undirskriftir. Þess ber að gæta að mikil þjóðhagsleg hagkvæmni er tengd því að stuðla að auknum framgangi fullgildra rafrænna skilríkja til auðkenningar og undirskrifta jafnt í viðskiptalífi sem og gagnvart stjórnvöldum. Framangreint mikilvægi þessarar tækni til undirritunar byggir einmitt á þeirri forsendu, svo og lög og reglur sem settar hafa verið um fullgildar rafrænar undirskriftir.

Jafnvel þótt Friðjón hefði lögvarða hagsmuni í máli þessu telur Neytendastofa að athugasemdir hans gefi ekki tilefni til frekari aðgerða af hálfu Neytendastofu á grundvelli laga nr. 28/2001 eða reglugerðar 780/2011, vegna erindis um að hugsanlega uppfylli undirskriftarbúnaður Auðkennis ekki kröfur gildandi laga, reglna og annarra kröfuskjala, um öryggi undirskriftarbúnaðarins. Neytendastofa telur að framangreindur búnaður uppfylli gildandi kröfur og því er ekki ástæða því til frekari aðgerða í máli þessu.



**IV.  
Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu“**

Neytendastofa, 13. júlí 2016

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir